

Bókasafn Grindavíkur, starfsárið 2015

Bókasafns Grindavíkur, Ásabraut 2

netfang: bokasafn@grindavik.is

veffang: www.grindavik.is/bokasafn

Afgreiðslutími: Frá 1. janúar til 31. maí var safnið opið frá 8-10 alla virka daga og 10-14 á laugardögum. Afgreiðslutíminn var svo frá 12.30-18.00 yfir sumarmánuðina og lokað á laugardögum, en hefðbundinn opnun tók við 24. ágúst og var safnið opið í alls 277 daga. Vegna slægrar aðsóknar á laugardögum var ákveðið að hafa ekki lengur opið á laugardögum og gildir sú ákvörðun frá 1. janúar 2016.

Húsnæði: Safnið er í 443m² húsnæði á jarðhæð, auk geymslu í kjallara.

Tölvukerfi: Bókasafnskerfið er Gegnir, Landskerfi bókasafna.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum á leitir.is, auk þess að hafa þrjár borðtölvur og spjaldtölvur í boði fyrir lánþega sem vilja skoða/lesa rafræn rit.

Rekstrartölur: Fjárhagsáætlun 2015 hljóðar upp á útgjöld fyrir 38.754.941 kr. þar sem launakostnaður og rekstur sameiginlegra þátta lðunnar er 17.790.000 kr.

Starfsfólk: Forstöðumaður, Andrea Ævarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, tók til starfa 7. Apríl og var í 100% stöðu. Guðbjörg Ásgeirsdóttir var í 70% stöðu og Viktoría Róbertsdóttir í 100% stöðu með umsjón með skólasafnakennslu. Dóra Dís Hjartardóttir, aðstoðarmaður er í 25% stöðu, á vegum Atvinnu með stuðningi (stöðugildið heyrir ekki undir safnið). Þannig að í lok árs voru stöðugildin 2,7.

Tölulegar upplýsingar – lykiltölur fyrir árið 2015: (tölur frá síðasta ári í sviga)

- Afgreiðslutími var 54 klst á viku, nema á tímabilinu 1. júní til 24. ágúst, en þá var opið í 27,5 tíma á viku.
- Fjöldi lánþega með gild skírteini við árslok 2015 voru 898 (937).
- Heimsóknir voru um 8.930.
- Fjöldi skráðra eintaka í Gegni við árslok voru 27.441 (26.501).
- Fjöldi nýskráðra gagna á árinu var 4.501 (1537). Aukning á nýskráðum gögnum stafar af því að nú eru skólabækur einnig skráðar í kerfið og eigum við 30-60 eintök af mörgum þeirra.
- Fjöldi afskráðra gagna á árinu, með skólasafni, var 2.149 (2.023).
- Millisafnalánnum hefur fækkað mikið og aðeins bárust 2 beiðnir til okkar og 1 beiðni frá okkur.
- Aðeins 10 börn luku þátttöku í sumarlestrinum en 40 skráðu sig til leiks (56 skráðu sig árið 2014 og 8 skiluðu inn). Áhugi á sumarlestri hefur dalað ár frá ári og spurning hvort endurmeta þurfi stöðuna.
- Útlán safnsins voru alls 27.415 (23.500). Inn í þessari tölu eru einnig útlán á námsbókum til nemenda. Þetta þýðir að hver lánþegi fékk að meðaltali 30,5 bækur að láni á árinu 2015.

Helstu verkefni ársins:

- Með nýjum forstöðumanni komu nýjar áherslur og fór talsverður tími í grisjun safnkosts, aðallega tímarita og gjafabóka. Bókasafnið er ekki varðveislusafn og ber því ekki skylda til að geyma gömul eintök bóka og tímarita. Allar bækur gefnar úr fyrir 1945 voru skoðaðar með tilliti til varðveislugildis. Tímarit sem eru á timarit.is eða aðgengileg á heimasíðum útgefenda, voru grisjuð. Grisjun og aðföng er stöðug vinna á safni sem þessu og lýkur aldrei.
- Samstarf jókst við skólann og verða einhverjar áherslubreytingar á aðfangastefnu safnsins í samvinnu við skólann.
- Safnið tók að sér að plasta allar skólabækur og lánar þær nú út til nemenda. Ætti þetta að spara fé til langs tíma litið og minnka afföll á bókum.
- Frá og með áramótum 2015-16 heldur safnið utan um útlán á ipad spjaldtölvum þeim er skólinn á og lánar út til nemenda. Ætti þetta að minnka líkur á týndum tölvum og lélegri innheimtu á lánuðum tölvum.
- Safnið réðst í það að kaupa spil, bæði til bókasafnskennslu og afþreyingar fyrir nemendur. Þetta hefur mælst vel fyrir, bæði hjá nemendum og kennurum.

Helstu viðburðir ársins:

- Menningardagar Grindavíkur – Pálmar Guðmundsson grunnskólakennari, tónlistarmaður og frístundamálarari var með málverkasýningu. Einnig var handavinnusýning nokkurra kvenna auk þess sem handverksfélagið Greip sýndi muni sem félagar höfðu unnið. Fjölmeningarráð Grindavíkur kynnti fjóra þekktu rithöfundu frá Póllandi, Serbíu, Tælandi og Filippseyjum, einn frá hverri þjóð - tveir þeirra hafa hlotið bókmenntaverðlaun Nóbels. Jafnframt var íslenska Nóbelskaldið Halldór Laxness kynntur.
- Hreyfivikan - Stefán Jakobsson söngvari rokkhljómsveitarinnar DIMMU og Christine Buchholz ofurhlaupari frá Grindavík léku á als oddi á bókasafninu í tilefni Hreyfivikunnar þar sem þau sögðu frá hreyfisögu sinni.
- Bókakonfekt – voru haldin 2. og 17. desember þar sem Stefán Máni og Óskar Guðmundsson komu og lásu upp úr bókum sínum. Lilja Sigurðardóttir og Auður Jónsdóttir ætluðu að koma 7. Desember en slæmt veður kom í veg fyrir það.

Vefur safnsins og facebook-síða:

Vefur bókasafnsins, www.grindavik.is/bokasafn er upplýsingaveita safnsins ásamt Facebook-síðu. Safnið er einnig komið á pinterest, instagram og snapchat.

Barnastarf:

- Leikskólar og yngri bekkir grunnskólans koma á safnið – þau fá stutta kynningu og kannski lítil verkefni, en þau yngstu koma til að venjast safninu og skoða bækur.
- Sumarlestur er í júní, júlí og fram í ágúst til þess að hvetja yngri nemendur til að lesa.
- Leikskólarnir fá lánaða bókakassa til að auka við úrvalið hjá sér.

Önnur þjónusta:

Safnið veitir upplýsingaþjónustu, auk þess að fá efni í millisafnaláni.

Lánum einnig bókakassa í skip.

Kerfisleg þjónusta við lánþega: sendar eru viðvaranir, í netpósti eða sms og svo aftur þegar gögn eru komin í vanskil, þrisvar sinnum. Millisafnalánaþátturinn er virkur og getur lánþegi sjálfur sett inn beiðni um lán á gagni frá öðru safni, ef það er ekki til hér. Þannig eykst sífellt sá bókasafnskostur sem bæjarbúum stendur til boða að nýta sér – m.ö.o. við höfum aðgang að flestum bókasöfnum landsins.

Samstarfssöfn og félög:

- Landskerfi bókasafna, (með öll Gegnissöfnin) – forstöðum. sækir oftast aðalfund
- Alefli – félag notenda hjá Landskerfi – forstöðum. sækir árleg ráðstefna og aðalfund
- Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum – forstöðum. sækir fund eftir þörfum
- Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, SFA – forstöðumaður sækir fundi vor og haust.
- Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða – forstöðum. félagi – landsfundur annað hvert ár og ráðstefna á vegum félagsins hitt árið.

Grindavík, 30. desember 2015,

Andrea Ævarsdóttir, forstöðumaður.